



Til: HG, HJ, stjórnslusvið, BB, skipaefirlitssvið
Frá: SKo
Dags. 12. mars 2009

Greinargerð
um fund norrænna siglingastofnana um samvinnu hvað varðar öryggi skipa
sem sigla um norðurheimskautssvæðið (Polar Code)
og undirbúning fyrir DE-fund IMO 16.-21. mars nk.

Inngangur

Siglingastofnun Danmerkur, Söfartsstyrelsen, boðaði fulltrúa siglingastofnana Norðurlanda, þ.m.t. fulltrúa Færeyja og frá grænlenku heimastjórninni, til fundar í húsnæði stofnunarinnar að Vermundsgade 38 C í Kaupmannahöfn 9. mars 2009. Fundinn sóttu fulltrúar frá Svíþjóð, Noregi, Íslandi, grænlenku heimastjórninni og Danmörku. Fulltrúar Finnlands og Færeyja höfðu boðað forföll. Af Íslands hálfu sótti fundinn Sverrir Konráðsson frá Siglingastofnun. Í þessari greinargerð er fjallað um helstu mál fundarins.

Fundarstjóri var Per Sønderstrup skrifstofustjóri hjá dönsku Söfartsstyrelsen. Hann bauð fundarmenn velkomna og kynnti efni fundarins. Hann taldi brýnt að vegna sameiginlegra hagsmuna norrænna þjóða um siglingaöryggi og umhverfisvernd á Norðurheimskautssvæðinu þyrftu þjóðirnar að hafa samstarf um málefnið og fjalla um reglur og breytingar á reglum um siglingar skipa um þessi svæði og eru t.d. settar á vettvangi IMO. Hann vonaðist til þess að Norðurlandþjóðir myndu eiga gott samstarf í þeirri vinnu sem nú færi fram við að breyta svokölluðum pólarkóða (Polar Code, þ.e. *Guidelines for vessels operating in Arctic ice-covered waters*) í undirnefndar DE (Design and Equipment) á vettvangi IMO, en fundur í þeirri undirnefnd verður haldinn dagana 16.-21. mars nk. Óskaði hann eftir stuðningi þjóðanna við þá vinnu en Danir hafa sig nokkuð frammi í samskiptahópi um málið milli funda.

Fulltrúar þjóðanna kynntu sig og stofnanir sínar og sögðu frá helstu sjónarmiðum. Undirritaður greindi almennt frá afstöðu Íslands, t.d. áhyggjum að því er varðar siglingar stórra skemmtiferðaskipa norður í Íshaf og til Grænlands, en lítil viðbragðsgeta er t.d. á Austur-Grænlandi ef stórslys verður í tengslum við siglingar slíkra skipa þar. Einnig sagði hann frá hugsanlegri olúvinnslu á Drekasvæðinu sem myndi auka umferð margskonar skipa um efnahagslögsögu Íslands. Hann sagði einnig frá þeim viðbúnaði sem hér væri hjá LHG, sjálfvirku auðkenniskerfi (AIS) og drægi þess umhverfis landið, nýjum fjarskiptabúnaði (NAVTEX, HF og MF) auk þeirrar vinnu sem Ísland hafði innt af hendi þegar eldri pólarkóði var samþykktur hjá IMO 2002. Rætt var um hugsanlegt hafnarríkiseftirlit um borð í skemmtiferðaskipum, sem Danir hafa m.a. viðræð, og kom undirritaður fundarmönnum þeirri skoðun Siglingastofnunar á framfæri að slíkt þyrfti að fara í gegnum Paris MoU og kveða þyrfti á um slíkt í landslögum.

Eftirfarandi var niðurstaða fundarins:

„Næstu skref

Fulltrúar Danmerkur, Svíþjóðar, Íslands og Noregs á fundinum um sameiginlegt átak hvað varðar reglur fyrir skip sem sigla á hafsvæðum Norðurishafsins voru sammála um að aukin umferð skipa í Norðurishafi (og Suðurishafi), einkum skemmtiferðaskipa, kalli á aukna athygli og fyrirbyggjandi ráðstafanir af hálfu strandríkja, alþjóðasamfélagsins og hagsmunaaðila í siglingum sem starfrækja skip á þessum svæðum.

Fram kom sameiginlegur skilningur um að þetta þyrfti að gera með heildrænum hætti og að það fæli í sér gerð og innleiðingu viðeigandi alþjóðagerða auk dreifingar upplýsinga og þekkingar um hin ýmsu atriði er varða þessi svæði til hagsmunaaðila.

Fundarmenn voru sammála um:

- að styðja að sú endurskoðun leiðbeininga IMO fyrir skip sem eru starfrækt á ísilögðum heimskautasvæðum sem nú fer fram á vegum undirnefndar um smíði og búnað / Design and Equipment - DE) gangist undir aðra endurskoðun milli DE 52 (2009) og DE 53 (2010) í því skyni að auka við og útfæra frekar það framlag sem berast mun frá hinum ýmsu löndum og að byggja upp heildstæðari grunn fyrir frekari þróun bindandi reglna (mandatory regulations) fyrir skip í heimskautasiglingum;
- að styðja sameiginlegt framlag af hálfu Bandaríkjanna, Danmerkur og Noregs til undirnefndar DE með heitinu: „Þróun bindandi reglna fyrir skip sem eru starfrækt í Norðurishafinu“ (Develop mandatory regulations for ships operating in Arctic waters) með það að markmiði að setja það inn sem dagskrárlið hjá DE, undirnefnd um smíði og búnað);
- að taka þátt í störfum samskiptahóps sem fjallar um tillögu Noregs (STW 40/7/24) til undirnefndar um menntun og þjálfun, STW, um hæfni áhafna sem starfa á skipum sem eru starfrækt á ísilögðum hafsvæðum; og
- að styðja og beita sér fyrir því að í tilmælum sem koma fram í skýrslu PAME/AMSA (Norðurskautsráðinu og starfshópi á vegum ráðsins um mat á umfangi og framtíðarhorfum siglinga á Norður-Íshafi (Arctic Maritime Shipping Assessment: AMSA)) sé stutt við þróun bindandi reglna fyrir skip sem starfrækt eru á Norðurheimskautssvæðum.“

Sverrir Konráðsson
Stjórnsýslusviði